

Skrá 19a. Lækningajurtir

Lækningajurtir

Um aldraðir hafa Íslendingar notað jurtir til lækninga, ýmist eftir bókum eða eigin reynslu. Þjóðháttadeildin óskar eftir fróðleik um lækningajurtir og annan gróður, er notaður var til lækninga. Biður hún heimildamenn sína m.a. að hafa þetta í huga: Hvaða jurtir voru notaðar til lækninga? Lýsið söfnun lækningajurta. Hvenær fór söfnun fram, og var það breytilegt eftir því, hvort safnað var stöngli, laufum og blómi eða aðeins rótum? Lýsið þurrkun og geymslu, ef jurtirnar voru ekki soðnar til lyfja þegar eftir tínslu. Segið frá lækningamætti einstakra grasa miðað við ákveðna kvilla eða sóttir. Var mismunandi tegundum blandað saman til lækninga? Voru þær soðnar saman í potti eða hver tegund sér? Lýsið suðu lækningajurta og geymslu grasalyfja. Hvað nefndust grasalyf (grasadrukkur t.d.)? Var miðað við ákveðna skammta í inntöku? Voru jurtir einnig notaðar í smyrsl til lækninga á bólgum, ígerðum og sárum? Lýsið grasasmýrslum, samsetningu, suðu og geymslu. Voru jurtabloð lögð við bólgu og sár (græðisúra t.d.)? Var þá ekki sama, hvort borð blaðanna sneri að hörundinu og við það miðað, hvort blaðið átti að draga gróft eða græða? Voru mismunandi orð notuð um efra og neðra borð jurtablaða (himinborð, jarðarborð t.d.)? Voru ósoðnar (ferskar) jurtir notaðar til lækninga á sóttum eða hörgulsjúkdómum (skarvakál t.d.)? Lýsið því. Voru tré eða runnar eða einstakir hlutar þeirra notuð til lækninga (reynir, víðir, einir t.d.)? Lýsið því. Voru mosar, fjallagrös og skófir á steinum notuð til lækninga? Lýsið því. Voru sveppagró (kerlingareldur, skollaeldur) notuð til lækninga (til græðslu t.d.)? Var sjávargróður nokkuð notaður til lækninga? Hvernig?